

HÚSÖNDIN

37. tbl. 3. árg.
13. október. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 14. - 20. OKTÓBER

- 15.10. Alda Áslaug Unnardóttir, Rannveig Ólafsdóttir
16.10. Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir, Anna Mary Yngvadóttir,
17.10. Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Hilda Kristjánsdóttir,
Baldur Fálki Daníelsson
18.10. Ásgeir Örn Elíuson, Ásta Kristín Benediktsdóttir
19.10. Dóróthea G. Bin Örnólfsdóttir, Elmar Þór Rúnarsson

**Zumba verður á þriðjudögum og
fimmtudögum í vetur kl. 17:30**

Næsta Zumba er 13.okt! (ath ekki 15.okt)

**Zumba will be on Tuesdays and
Thursdays this winter at 17:30**

Next Zumba 13.Oct! (no class 15.Oct)

Valērija Kiškurno

+354 863 4436



ZUMBA



INFLÚENSUBÓLUSETNING Á HEILSUGÆSLUSTÖÐ HSN MÝVATNSSVEIT 2020

Árleg influensubólusetning hefst 15.október nk. Byrjað verður á að bólusetja áhættuhópa en svo opnað fyrir bólusetningu allra annarra. Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Þungaðar konur.

Bólusettt verður eftirfarandi daga: **NAUÐSYNLEGT AÐ PANTA TÍMA**

- 15.október – Áhættuhópar (kl.10-12)
- 19.október – Áhættuhópar (kl.13-15)
- 20.október – Allir (kl.13-15)
- 22.október – Allir (kl.10-12)
- Aðrir tímar eftir samkomulagi



Tímapantanir í síma 464-0660 kl.10-14 eða á vefnum www.heilsuvera.is

Vakin er athygli á því að ofangreindir áhættuhópar eiga rétt á bóluefninu sér að kostnaðarlausu en greiða þarf komugjald skv. reglugerð nr.225/2018.

Vegna fjölgunar smita í samfélaginu eru skjólstæðingar sem mæta á heilsugæslur HSN beðnir um að vera með grímu við komu á heilsugæsluna og hafa hana á sér bæði í biðstofu og annarsstaðar innan stofnunarinnar. Gæta skal að því að mæta á þeim tíma sem bókað er og fylgja 2 metra reglunni.

Bólusetning gegn influensu veitir allt að 60–70% vörn gegn sjúkdómnum.

Jafnvel þótt bólusettur einstaklingur fái influensu eru allar líkur á því að sjúkdómurinn verði vægari en ef hann væri óbólusettur.

Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó influensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1-2 vikur að mynda verndandi mótefni eftir bólusetningu.